




AÐGERÐARÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR GEGN OFBELDI

FJÖLMENNINGARRÁÐ 12. APRÍL 2021

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
halldora.gunnarsdottir@reykjavik.is

AÐGERÐARÁÆTLUNIN BYGGIR MEÐAL ANNARS Á:

Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá 2020

Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess

Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum

Samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningurinn)

Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna

Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Niðurstöðum ýmissa rannsókna sem hafa verið unnar á þessu sviði á undanförnum árum

Upplýsingum og tölfræði sem hefur verið safnað af Reykjavíkurborg m.a. í verkefninu ***Saman gegn ofbeldi***



OFBELDI — HVERSU ALGENG?

Í rannsókn á ofbeldi gegn konum (18-80 ára) sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduverna vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2010 kemur fram:

- ✓ Að rúmlega 42% aðspurðra kvenna á Íslandi hafa verið beittar ofbeldi einhvern tíma eftir 16 ára aldur.
- ✓ Að 22% hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum.

Í rannsókn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem er nýbúið að birta (2021) kemur fram að fjórðungur kvenna hefur verið beittur ofbeldi í nánum samböndum og þriðjungur kvenna 15 ára og eldri verið beittur einhvers konar líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Samkvæmt tölum sem Rannsókn & greining vann fyrir UNICEF árið 2019 hafa tæplega 1 af hverjum 5 börnum á Íslandi (16,4%) orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn (Rannsókn og greining, 2019). Hér er ekki meðtalin vanræksla, andlegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi eða einelti, en þá væri talan mun hærri.

....Ofbeldi hefur skammtíma og langtíma áhrif á heilsu fólks.....

Áföll auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum

11.04.2019 - 17:09 Heilbrigðismál · Innlent



Mynd: Grímur Jón Sigurðsson / RÚV

Þeir sem hafa glímt við áfallastreituröskun eru í aukinni áhættu á að greinast síðar með hjarta- og æðasjúkdóma. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna við Háskóla Íslands og Karolinska

ÁSRÚN BRYNJA INGVARSDÓTTIR
Fréttastofa RÚV
[Senda skilaboð](#)

Unnur Anna Valdimarsdóttir

<https://www.ruv.is/frett/afoll-auka-haettu-a-hjarta-og-aedasjukdomum>

Áföll og streita breyta því hvernig líkaminn virkar

24.01.2021 - 18:07

Andleg liðan · Áföll og streita · Geðheilsa · heilbrigðismál · Heimilislækningar · Innlent · læknadagar · Læknavísindi · vísindi



Mynd: RÚV

Heimilislæknir segir alvarleg áföll í barnæsku geta haft langvarandi áhrif á hin ýmsu líffæraakerfi og stýtt lífslíkur fólks um allt að tíu til fimmtán ár. Rannsóknnum á áhrifum áfalla og streitu á líkamlega



ARNHILDUR HÁLFÐÁNARDÓTTIR
Fréttastofa RÚV

Margrét Ólafía Tómasdóttir

<https://www.ruv.is/frett/2021/01/24/afoll-og-streita-breyta-thvi-hvernig-likaminn-virkar>

Örorkubætur, skv. vef TR í jan. 2021: Konur 62%/karlar 38%

RANNSÓKN(IR) GERÐAR AF UNNI VALDIMARSDÓTTUR OG FLEIRUM — ÁFALLASAGA KVENNA

Nýgengi geðraskana eykst í kjölfar áfalla þ.m.t. ofbeldis – kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi.

Tengsl áfalla og áfallatengdra raskana við þróun líkamlegra sjúkdóma.

Fólk með áfalla- og streitutengdar raskanir; áfallastreituröskun, áfallastreituviðbrögð, aðlögunarröskun er í um:

- 30% aukinni áhættu á fjölmörgum sjálfsofnæmissjúkdómum.
- 30-60% aukinni áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum og
- 50% aukinni áhættu á ýmsum lífshættulegum sýkingum

AÐGERÐ 3

RÁÐGJÖF OG STUÐNINGUR Í ÚTKALLI OG Í KJÖLFAR ÞESS

Veita ráðgjöf og stuðning í útkalli. Starfsmaður barnaverndar og félagsráðgjafi/sérfræðingur á þjónustumiðstöð mætir á heimili með lögreglu í útköllum vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á staðnum. Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er brotapolí spurður hvort kalla megi til félagsráðgjaf/sérfræðing velferðarþjónustunnar.

Félagsráðgjafi hefur samband við brotapolá innan fjögurra virkra daga og býður brotapolá upp á viðtal.

Félagsráðgjafi og lögregla fara saman í eftirfylginiheimsókn á heimilið innan tveggja vikna og er tilgangurinn m.a. að kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldið sé viðvarandi og til að minna aftur á þá aðstoð sem er í boði.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið - þjónustumiðstöðvar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

AÐGERÐ 4

RÁÐGJÖF TIL BROTAÞOLA

Veita brotaþolum markvissa ráðgjöf. Öllum brotaþolum heimilisofbeldis er boðið upp á skipulagða félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjöfum þjónustumiðstöðvar. Áhersla er lögð á að biðtími eftir ráðgjöf verði stuttur og að málið verði skilgreint sem forgangsmál.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.



AÐGERÐ 5

HÚSNÆÐISMÁL

Fara yfir það hvernig hægt er að mæta brotapolum ofbeldis í húsnæðismálum. Horft verði til þess hvort borgin eigi að vera með sérstaka íbúð fyrir brotþola heimilisofbeldis til að dvelja í til styttri tíma. Einnig verið skoðað hvernig hægt er að mæta brotapolum í úthlutunarreglum vegna húsnæðis á vegum borgarinnar t.d. með því að veita brotapolum forgang og setja fram vinnulag t.d. um það hvernig bregðast skuli við því þegar gerandi neitar að fara út úr íbúð sem er á beggja nafni.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: 2021




AÐGERÐ 7

SKIMUN Á ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVUM

Félagsráðgjafar skimi/spyrji hvort viðkomandi búi
eða hafi búið við ofbeldi hjá öllum sem koma í viðtöl til þeirra.

Ábyrgðaraðili: Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Viðvarandi..



AÐGERÐ 13


MEÐFERÐ FYRIR GERENDUR

Rjúfa vítahring ofbeldis með því að vísa gerendum á meðferðarúrræðið Heimilisfriður og í sumum tilvikum veita þeim styrk til að nýta sér það.

Hvetja ríkið til að styrkja meðferð fyrir gerendur sem beita börn sín ofbeldi en nú er einvörðungu styrkt meðferð fyrir gerendur ofbeldis í nánnum samböndum.

Ábyrgðaraðili: Hvatning; Saman gegn ofbeldi. Meðferð; Velferðarsvið.

Tímarammi/staða: Bréf með greinargerð til ríkisins 2021, annað er viðvarandi.



AÐGERÐ 11

UPPLÝSINGAGJÖF Á ERLENDUM

TUNGUMÁLUM

Birta upplýsingaefni um það hvar sé hægt að leita aðstoðar á ensku og pólsku þ.e. í því upplýsingaefni sem er birt á vefsíðu borgarinnar og í útgefnu efni. Bjóða túlkþjónustu og veita starfsfólki þjálfun í að nota hana.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

AÐGERÐ 12

SAMSTARF VIÐ FRJÁLS FÉLAGASAMTÖK

Samstarf við félagasamtök sem vinna með innflytjendum, áttthagafélög innflytjenda og trúfélög um dreifingu upplýsinga um heimilisofbeldi.

Ábyrgðaraðili: Verkefnisstjóri.

Samstarf: Sérfræðingar í innflytjendamálum á mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Tímarammi/staða: Viðvarandi.

Enn tækifæri til að bæta við aðgerðum sem snúa sérstaklega að innflytjendum. Taka það upp í umræðum eða senda póst.

ÁSKORANIR



Stækkandi hlutfall aldraðra – sumir í þeim hópi munu ekki hafa unnið úr áföllum

Fjölbreyttara samfélag – þarf að hugsa um marga þætti samtímis

Börn – erum við að veita þeim nægan stuðning?

Húsnæðismál – brotapolar

Covid-aukið ofbeldi



HAFA Í HUGA AÐ SUMIR HÓPAR ERU LÍKLEGRI TIL AÐ VERÐA FYRIR HEIMILISOFBELDI EN AÐRIR

- ✓ Konur
- ✓ Fatlaðar konur eru á heimsvísu tvöfalt líklegri en ófatlaðar konur til að hafa orðið fyrir heimilisofbeldi (Sameinuðu þjóðirnar, 2017).
- ✓ Hinsegin fólk.
- ✓ Innflytjendur.

